

## Fundargerð

### Almannavarnanefndar Þingeyinga

haldinn á Húsavík föstudaginn 24. maí 2019 kl. 10:00

**Mætt voru til fundar:** Halla Bergþóra Björnsdóttir, Kristján Kristjánsson, Grímur Kárason, Kristján Þór Magnússon og Dagbjört Jónsdóttir.

**Fjarverandi:** Elías Pétursson, Þorsteinn Gunnarsson, Sigurður Þ Guðmundsson og Aðalsteinn Halldórsson

#### Dagskrá:

1. Starf almannavarna á árinu
2. Sjóslysa æfing á Skjálfanda
3. Önnur mál

#### Afgreiðslur og umræður á fundi:

- Halla fór yfir starf nefndarinnar á árinu,
- 25. janúar var haldinn fundur með Veðurstofunni um jökulhlaup og undirbúning jarðskjálftaæfingar í tengslum við jarðskjálftaráðstefnu sem haldin var á Húsavík 21. – 24. maí.
- 20. febrúar var fyrsti undirbúningsfundur vegna sjóslysaæfingar á Skjálfanda í maí.
- Íbúafundir voru haldnir í mars í Lundi Öxarfirði og Ljósvetningabúð. Á fundina komu Tómas Jóhannesson og Sigurdís Björg Jónasdóttir frá Veðurstofunni, Ágúst Gunnar Gylfason, Friðgerður Brynja Jónsdóttir og Friðjón Viðar Pálmason frá Almannavörnum. Á fundunum var kynnt sú vinna sem í gangi er varðandi m.a. gerð flóðakorta fyrir áhrifasvæði Jökulsár á Fjöllum og Skjálfandafljóts. Gerð var grein fyrir hugsanlegum breytingum á rýmingaráætlunum og endurútgáfu viðbragðsáætlunar vegna eldgoss í Bárðarbungu eða norðan Vatnajökuls þegar niðurstaða þessarar vinnu lægi fyrir. Um þetta var aðeins rætt og staðan sú að beðið er frekari gagna frá Veðurstofunni svo hægt sé að fara á fullt í endurskoðun á rýmingaráætlunum.
- Jarðskjálftaáætlun var uppfærð á árinu og í maí voru haldnar tvær skrifborðsæfingar þar sem viðfangsefnið var jarðskjálfti með miklar afleiðingar á Húsavík. Að æfingunni komu lögreglan, Aðgerðarstjórn, Veðurstofa Íslands, Almannavarnadeild RLS og fl. Æfingin tókst vel og skapaði nýja sýn á viðbragð og afleiðingar slíkra atburða.
- Halla og Grímur fóru yfir gang sjóslysaæfingarinnar sem haldin var 18. maí en samdóma álit var að æfingin hafi gengið vel.
  - a. Dagskrá æfingarinnar hófst á föstudeginum 17. maí með boðunarprófun.
  - b. Fræðsludagskrá fyrir stjórnendur og verkþáttastjóra hófst kl. 15.00 þar var farið yfir verkefni stjórnenda upprifjun á SÁBF kerfinu og stilltir saman strengir.
  - c. Haldin var skrifborðsæfing kl. 16.30 og æfingin keyrð með verkþáttastjórum og helstu stjórneiningum og ráðgjöfum.
  - d. Farið var í heimsókn um borð í varðskipið Tý kl. 18.00 og skipið og búnaður þess skoðaður en áhöfnin á Tý ætlaði að taka þátt í æfingunni en varð frá að hverfa um kl. 21.30 um kvöldið vegna elds um borð í rækjutogara NV af Kolbeinsey.

- e. Kynning fyrir leikara var um kl. 19.30 þar var farið yfir öryggisatriði æfingarinnar.
  - f. Æfingin var formlega sett kl. 19.30 þar var farið yfir með öllum þátttakendum gang æfingarinnar.
  - g. Farið yfir fjarskiptamál á æfingunni.
  - h. Upprifjun á bráðaflokkun sjúklinga.
  - i. Kynningar frá Landhelgisgæslu, Rauða Krossinum.
  - j. Laugardagurinn hófst með förðun leikara kl. 08.00.
  - k. Um kl.10.00 var farið með skip og leikara frá Húsavíkurhöfn til uppstillingar á vettvangi.
  - l. Æfingunni startað um kl. 11.00.
  - m. Æfingin gekk vel í flesta staði þrátt fyrir erfið veðurskilyrði úti á sjó en þar var talsverð alda og þokuloft og smávægileg sjóveiki gerði vart við sig. Vel gekk að koma þolendum frá borði skaðaskipanna og flutningar í land gengu ágætlega.
  - n. Bátar og búnaður komnir í land um 13.20 og var æfingunni lokið um kl. 14.00.
  - o. Úrvinnslufundur var haldinn í sal Borgarhólsskóla að lokinni æfingu og þátttakendum boðið upp á súpu.
  - p. Á fundinum komu verkþáttastjórar, stjórnendur og þátttakendur í æfingunni fram og lýstu sinni upplifun á gangi æfingarinnar.
  - q. Alltaf eins og á öllum æfingum kom fram eitt og annað sem vert er að skoða og rýna til gagns en upplifun flestra var sú að æfingin hefði tekist mjög vel.
  - r. Utanaðkomandi þátttakendur voru sammála um að skipulag og framkvæmd æfinga á svæði nefndarinnar væru þær bestu sem þeir tækju þátt í.
  - s. Þátttakendur í æfingunni voru 133 og gestir voru 10.
- Kristján Þór upplýsti um að verið væri að bæta í myndavélar á höfninni og hugsanlega gæti aðgerðarstjórn fengið aðgang að þeim í atburðum eins og þeim sem æfðir voru.
  - Þá var rætt um útvarps sendingar á svæði nefndarinnar eru víða óboðlegar t.d. nást sendingar RUV ekkert eða illa í Kelduhverfi og Öxarfirði. Ákveðið að senda bréf þar um til RUV og fylgir afrit af því fundargerð þessari.

Önnur mál:

- Halla velti því upp hvort til tals hefði komið að sameina almannavarnanefndir Þingeyinga og Eyfirðinga? Slíkt hefur ekki komið til umræðu en fundarmenn sammála um að þetta mætti alveg ræða og skoða nánar.
- Kristján Kr. bar upp hvort fundarmenn væru því sammála að fara í þá vinnu að sameina hópslysaáætlanir í umdæmi almannavarnanefndanna í Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðar. Samskonar tillaga hefur verið borinn upp í umdæmi almannavarnanefndar Eyjafjarðar og hún samþykkt þar. Fundarmenn lögðust ekki gegn því að farið væri í slíka vinnu enda einfaldara að hafa eina áætlun í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Ekki voru önnur mál á dagskrá og fundi slitið kl. 10:55

Kristján Kristjánsson

yfirlögregluþjónn